

KEPPNISNEFND

Í nefndinni störfuðu Einar Ragnarsson Herði, sem stýrði nefndinni, Hulda Gústafsdóttir Fáki sem hélt utan um nauðsynleg gögn, Ágúst Hafsteinsson Andvara, Halldór Svansson Gusti, Sigurður Emil Ævarsson Sörla og Þórður Stefánsson Sleipni.

Nefndin hóf störf í lok nóvember og fundaði þétt fyrsta kastið. Farið var yfir samþykktir LH-þings og þær breytingar sem þar voru samþykktar færðar í regluverkið.

Því næst hófst athugun á breytingum í FIPO og þar sem nauðsynlegt var færðar inn breytingar sem í raun voru litlar ef frá er skilin samþykkt á viðbótar siðareglum sem er ærinn bálkur að stautast í gegnum. Hulda snaraði þessu þó yfir á vel læsilegt mál eins og ævinlega.

Nefndin tók sér svo fyrir hendur að samlesa allar keppnisreglur og lagfærði orðalag og setningaskipan þar sem það augljóslega var hægt án þess að breyta meiningu reglnanna. Var þetta töluverð vinna en virðist þó hafa skilað þeim árangri að mun minna er um fyrirspurnir um reglur á þessu ári en verið hefur.

Það sem við erum að fást við nú er að skoða hvaða breytingar til bóta við hugsanlega getum gert á FIPO reglum og munum við vinna það í samstarfi við stjórn. Það sem við helst viljum skoða í þeim efnum er refsilisti FEIF. EF hann á ekki að deyta drottni sínum er nauðsynlegt að ná fram breytingum sem stuðla að upphaflegu markmiði þ.e. mildari reiðmennsku. Hvort þetta tekst fer að sjálfsögðu eftir því hversu vel okkur tekst að sannfæra aðildarlönd FEIF um nauðsyn málsins.

Nefndin hafði hug á að fara gaumgæfilega í gegnum mótaskýrslur en satt best að segja var lítið á þeim að græða. Aðallega nafnaruna og þegar best lét veðurlýsing. Það verður ekki sagt um félögin almennt að þau hafi yfir miklu að kvarta eða frá að segja þegar kemur að framkvæmd mótahalds.

Tvær metumsóknir vegna skeiðs fengu jákvæða umsögn keppnisnefndar en einni var hafnað á þeirri forsendu að ekki var um met að ræða. Sá misskilningur virðist vera í gangi að LH hafi tekið upp nýja skráningu á metum í hlaupum vegna nýs tímatökubúnaðar en svo er ekki. Það verður varla gert nema að undangenginni umræðu og samþykkt á þingi LH.

Einar Ragnarsson